

Miðvikudaginn 18. maí 1994.

Nr. 185/1994.

Jóhanna Tryggvadóttir

Evrópuferðir og

Jónas Bjarnason

(Jóhanna Tryggvadóttir)

gegn

Sparisjóði Hafnarfjarðar

(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

Kærumál. Kröfu um, að héraðsdómari víki sæti, hafnað. Málflutningshæfi. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 23. apríl 1994, sem barst réttinum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefjast sóknaraðilar þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og dæmt verði, að héraðsdómarrinn, Gunnar Aðalsteinsson, víki sæti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Sóknaraðilar tilgreina þær ástæður fyrir kæru sinni, að „Héraðsdómur Reykjaness starfar ekki eins og sjálfstæður óhlutdrægur dómstóll, sem vinnur að því að upplýsa málið, heldur hindrar hann upplýsingu málsins“. Sóknaraðilar hafa engin haldbær rök fært fram fyrir þessum áburði sínum. Þá bera sóknaraðilar því við, að héraðsdómari hafi ekki gefið þeim tækifæri til þess að sýna fram á, að „víxill sem notaður er sem grundvöllur að kröfum í málinu sé falsaður að því er varðar útgáfudag, gjalddaga og fjárhæð“. Það mál, sem þetta kærumál er sprottið af, er rekið sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Sóknaraðilar kröfðust í upphafi málsmeðferðar vitnaleiðslu til sönnunar málsástæðu, sem ekki mátti að lögum koma að í víxilmáli. Héraðsdómari hafnaði kröfu sóknaraðila með úrskurði 24. febrúar 1994, og var sá úrskurður staðfestur í

Hæstarétti 23. mars sl. Um þessar málsástæður sóknaraðila hefur því þegar verið dæmt. Önnur atriði í málflutningi þeirra, er varða Hæstarétt, eru málinu óviðkomandi. Er allur þessi málatilbúnaður stórlega vítaverður.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Sóknaraðilar skulu greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

II.

Það er ljóst, að það er ekki á færi Jóhönnu Tryggvadóttur, sem flutt hefur þetta mál og önnur að undanfögnu, að reka mál þannig fyrir dómstólum, að viðunandi sé, sbr. dóma Hæstaréttar 24. nóvember 1993 og 29. apríl 1994. Héraðsdómara í þessu máli er rétt að taka afstöðu til þess, hvort neyta beri úrræða 6. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Jóhanna Tryggvadóttir, Evrópuferðir og Jónas Bjarnason, skulu sameiginlega greiða varnaraðila, Sparisjóði Hafnarfjarðar, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. apríl 1994.

Stefna í máli þessu var þingfest 7. desember 1993.

Úrskurður var kveðinn upp í málinu 24. febrúar sl., en þar var kröfu stefndu um vitnaleiðslur synjað. Með dómi Hæstaréttar 23. mars sl. var sú niðurstaða staðfest. Í þessum þætti málsins hafa stefndu krafist þess að dómariinn víki sæti.

Stefnandi er Sparisjóður Hafnarfjarðar, kt. 610269-5599, Strandgötu 8, Hafnarfirði.

Stefndu eru Jóhanna Tryggvadóttir, kt. 290125-4059, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, persónulega og f.h. einkafirma hennar, Evrópuferða, kt. 470984-1049, Klapparstíg 27, Reykjavík, og Jónas Bjarnason, kt. 101122-2199, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmd til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 1.296.073 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. 11. 1993 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Málatilbúnaður stefnanda byggist á sýningarvígli sem stefndu settu til tryggingar yfirdrætti á tékkareikningi við Sparisjóð Hafnarfjarðar.

Í þinghaldi í dag var eftirfarandi bókað:

„Stefndu leggja nú fram nr. 19 bréf, dags. 8. 4. 1994, frá Tómasi Gunnars-syni lögmanni.

Jafnframt óskar stefnda bókað að hún óski eftir fresti í málinu þar til skýr og glögg svör liggi fyrir frá héraðsdómi við bréfi Tómasar Gunnarssonar lögmanns. Þá óskar stefnda eftir að bókað verði að ef frestur verði ekki veittur þá óski hún eftir opinberri rannsókn á starfsemi Héraðsdómstóls Reykjaness.“

Síðan var bókað í sama þinghaldi:

„Dómari tekur þá ákvörðun með hliðsjón af 2. tl. 102. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. tl. 112. gr. að málinu verði frestað til aðalflutnings til 15. apríl nk. kl. 13.00.

Stefnda krefst þess nú að dómariinn víki sæti þar sem hann hefur ekki fallist á rök stefndu um lengri frest.“

Af hálfu stefndu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að dómariinn sé van-hæfur til að fara með málið. Þau atriði, er 5. gr. laga nr. 91/1991 tiltekur, eru ekki fyrir hendi og ekki hefur verið sýnt fram á að önnur atvik eða aðstæð-ur séu til þess fallnar að draga óhlutdrægni dómarans með réttu í efa.

Kröfu stefndu í þessum þætti málsins er því synjað.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómariinn víkur ekki sæti í málinu.
